

REGLUGERÐ

um línuvildun.

1. gr.

Frá og með 1. júní 2010 má við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Heimild þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að línan sé beitt í landi eða stokkuð upp í landi og ekki séu önnur veiðarfæri um borð í bátnum.
2. Að bátur komi til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða úr þeirri höfn.
3. Að sjálfvirkt tilkynningakerfi bátsins sé virkt.
4. Að skipstjóri tilkynni um upphaf og lok róðurs skv. 4. gr.
5. Að við skráningu afla í löndunarhöfn, í aflaupplýsingakerfið GafL, komi fram, að veiðarfæri í tilteknum róðri hafi verið landbeitt lína eða lína stokkuð upp í landi samkvæmt upplýsingum skipstjóra.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuvildun í þorski á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir, 2.100 lestir af ýsu og 700 lestir af steinbít, miðað við óslægðan fisk, sem skiptast þannig innan fiskveiðiársins:

	Tímabil	Þorskur	Ýsa	Steinbítur
1.	September – nóvember	1.080	903	32
2.	Desember – febrúar	1.280	673	70
3.	Mars – maí	770	388	425
4.	Júní – ágúst	245	136	173

3. gr.

Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils verði náð sbr. 2. gr. Náist ekki að veiða viðmiðunarafla einhvers tímabils bætast ónýttar heimildir við viðmiðunarafla næsta tímabils á eftir. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

4. gr.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf róðurs áður en lagt er úr höfn. Telst róður hafinn þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar komið er til hafnar til löndunar. Tilkynningar skal senda í gegnum „Símalínu“, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal koma fram frá hvaða höfn bátur rær sbr. 2. tl. 1. gr.

Línuvildun reiknast aðeins á þann afla sem endanlega er vigtaður hér á landi samkvæmt ákvæðum gildandi reglugerðar um vigtun sjávaraflla, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 11. gr. laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. júní 2010. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 674, 30. júlí 2009, um línuvildun.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2010.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Steinar Ingi Matthíasson.